

1874.

10. apríl.

	fluttur	163,088 rd. 20 sk.
Útgjöld við jarðabókarsjóðinn		
samkvæmt fjárhagsáætlun	60,837 rd. 10 sk.	
Útgjöld við jarðabókarsjóðinn,		
sem eigi eru á fjárhags-		
áætlun og sem verða		
endurgoldin aptur.	28,265 — 45 -	
		89,102 rd. 55 sk.

Í jarðabókarsjóðnum 31. marz 1873 73,985 rd. 61 sk.

2. Athugasemd. Af útgjöldum samkvæmt fjárhagsáætlun, sem eru alls 77,306 rd. 40 sk., eru 16,469 rd. 30 sk. borgaðir úr aðalfehírzlunni, en fyrnefnd upphæð, 60,837 rd. 10 sk., er borguð úr jarðabókarsjóðnum.

11. apríl.

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um að vatnsveitingamaður verði sendur til suðuramtsins.

Eptir að vèr samkvæmt brèfi yðar, herra landshöfðingi, dagsettu 4. desbrm. f. á., höfðum beðið hið konunglega danska landbústjórnarfélag um, að útvega vatnsveitingamann, til þess að standa fyrir vatnsveitingum á engi og af, og öðrum þvílíkum störfum í suðuramtinu í sumar, hefir tæð félag látið í ljósi, að það hafi fengið vatnsveitingamann *P. M. Madsen* til þess að fara til Íslands með annari ferð póstgufuskipsins, sem nú er fyrir höndum, til þess að standa fyrir vatnsveitingum hjá þeim bændum í suðuramtinu, sem kynni að óska aðstoðar hans í þessu tilliti, og vera við heyskap, ef menn æskja þess, og svo halda áfram vatnsveitingum þeim, sem byrjað hefir verið á; skuli honum fyrir þetta veitt 50 rd. laun á mánuði frá því hann fari af stað og þangað til hann komi heim aptur, — en uppi launin hefir félagið borgað honum 60 rd.; ennfremur skal hann hafa ferðakostnað endurgoldinn bæði fram og aptur, og viðurværi á ferðinni ókeypis, og kauplaust húsnæði og fæði, þar sem hann er við vinnu, og skal honum látinn til nægur vinnuafli. Hann flytur með sér nokkur verkfæri, sem keypt eru hér.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, herra landshöfðingi, skal því við bætt, að hið konunglega landbústjórnarfélag hefir

1874.

11. april.

vísað tæðum vatnsveitingamanni til yðar, er hann kæmi til Íslands, til þess þær segið honum nákvæmar til um, hvert hann ætti að fara; jafnframt getum vèr og þess, að dómsmálastjórnin hefir látið borga honum 36 rd. til ferðarinnar til Reykjavíkur, og mælumst til, að þær hlutist til um, að 50 rd. laun þau á mánuði, sem honum eru veitt, verði goldin honum við lok hvers mánaðar, og að þær sendið hingað, þegar að því kemur, skýrslu um, hvað mikið sè þannig greiðt alls, svo gjörðar verði ráðstafanir til, að sá hluti launanna, sem hið konunglega landbústjórnarfélag hefir heitið að leggja til, verði endurgoldinn af tæðu félagi. Sömu leiðis mælumst vèr til, að þær sjáið um, að bústjórnarfélag suðuramtsins endurgjaldi landssjóðnum þá 36 rd., sem borgaðir voru hær, með því að greiða þessa upphæð í jarðabókarsjóðinn.

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til etatzráðs Hans A. Clausens, um gjald á brennivíni.

21. april.

Útaf bænarskrá nokkurri 28. f. m., þar sem þær, herra etazráð, ásamt með fleirum öðrum íslenskum kaupmönnum, sækið um, að borga megi aðflutningsgjald það, sem lagt er á brennivín og aðra áfenga drykki með tilskipun fyrir Ísland 12. febrúar 1872, með þriggja mánaða ávísunum, sem borgist á Íslandi, og styðist við heimildarbréf frá vel metnum bönkum hær, gefum vèr yður til vitundar, að dómsmálastjórnin er fús til þess að verða við ósk þessari með því móti, að yður leyfist, með ábyrgð einhvers áreiðanlegs bánka hær í borginni, að greiða tæð gjald með þriggja mánaða víxlbréfum, sem fulltrúar yðar á verzlunarstöðunum gefi út uppá sjálfa sig, en víxlbréfið má ekki hljóða uppá meira fè, en hlutaðeigandi bánki ábyrgist, og skal tiltekið í víxlbréfinu, að upphæðin greiðist á Íslandi; ennfremur er það vitaskuld, að greiða skuli afnáms rentu sem samsvari 4 af hundraði á ári, og ef hlutaðeigandi kaupmaður hefir verzlunarstadi í ýmsum lögsagnarumdæmum á Íslandi, skal skýra dómsmálastjórninni skýlaust frá, uppá hve mikið